



Deildarfundur á Akranesi

Akranes, 14.11.2018

Mættir: Fimm félagsmenn mættir ásamt varaformanni, meðstjórnanda, framkvæmdastjóra LSS og Gunnari M. Baldurssyni fulltrúa laganeftar (sjá undirskriftalista).

1. Varaformaður LSS setur ellefta fund hringferðar stjórnar kl. 20:30. Formaður reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynnir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Fulltrúi vinnuhóps um atkvæðavægi, fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður: Almenn skoðun að góð vinna hefði átt sér stað og hægt sé að byggja á þessum tillögum.

4. Komandi kjaramál. Varaformaður LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkanir í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

- Tryggingakaflinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- Vaktavinnukaflinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktálagið sé á leiðinni fyrir Félagisdóm.
- Prekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.
- Laun stjórnenda. Almenn skoðun að bilið er of lítið. Laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.



- Laun hlutastarfandi. Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðrétt skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.
- Bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Skoða þarf bakvaktarkafli kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar. Sérstaklega þarf að skoða nýútgefna reglugerð um starfsemi slökkviliða þar sem tekið er fram að slökkviliðsmönnum sé skylt að mæta í útköll samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum.

Önnur mál.

1. Námskrá Brunamálaskólans. Almenn óánægja með núverandi fyrirkomulag Brunamálaskólans. Endurskoða þarf námskrá skólans, samræma námið betur og setja skýrari ákvæði varðandi endurmenntun. Veita þarf Mannvirkjastofnun aðhald um að uppfæra námsefnið og halda námskeið. Lesbókin er úrelt.

2. Kjarasamningar. Skoða þarf betur greiðslur fyrir síma- og boðtæki. Samkvæmt núgildandi samkomulagi er allir slökkviliðsmenn á bakvakt, alltaf. LSS og Félags slökkviliðsmanna þurfa að hittast sem fyrst og ræða komandi kjarasamninga. Mismunandi sjónarmið eru uppi um hvernig eigi brúa bilið á milli aðila. Aðilar sammála að tími sé kominn til að ræða þau mál út og verða samstíga í kjarasamningatörninni sem fram undan er.

3. Öryggismál. Tryggja þarf betra fyrirkomulag á skráningum. Liður í því að tryggja eigið öryggi. Yfirfara allan öryggispakkann.

4. Umræður um sjúkraflutninga. Umræður voru um sjúkraflutninga og sjúkraflutningamenn á Vesturlandi.

5. Auglýsing viðburða. Stjórn hvött til að gefa út starfsáætlun með helstu dagsetningum. Til að mynda voru 4 vikur sem auglýstar voru fyrir golfmótið og var enginn þátttaka frá Skaganum sökum þessa. Skagamenn til að koma að golfmótinu ásamt Flúðamönnum. Golfmótið má ekki skarast við heimsmeistaramótið í golfi þannig að þeir sem vilja keppa þurfa ekki að velja á milli sjónvarpsáhorfs og viðburðarins.

Varaformaður þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS